
Ljóð Matthíasar á sænsku

Sænska bókaforlagið Rabén & Sjögren hefur gefið út úrval ljóða eftir Matthías Johannessen í flokknum Dikt i Norden. Bókin heitir Harpkol är din vinge. Dikt i Norden er úrval ljóða á sænsku og hófst útgáfa þessa flokks þar í landi 1979. Það hefur verið gefin út ein ljóðabók síðan frá hverju Norðurlandanna og í ár koma út auk ljóðabókar Matthíasar ljóðabækur eftir norska skáldið Stein Mehren, Marianne Larsen og Niilo Rauhala. Með útgáfu þessara fjögurra ljóðabóka í ár hefur forlagið gefið út 12 ljóðabækur frá Norðurlöndum í þessum norræna bókaflokki.



Ritstjóri Dikt i Norden er sænska skáldið Christer Erikson og hefur hann þýtt ljóð Matthíasar ásamt Jóhanni Hjálmarssyni. Þeir hafa einnig skrifað formála fyrir bókinni, sem heitir Arfleifð og endurnýjun.

Í þessari sænsku ljóðabók, sem er 103 blaðsíður að stærð, eru ljóðaþýðingar úr ýmsum ljóðabókum Matthíasar Johannessens, bæði Borgin hló, Hólmgönguljóðum, Jörð úr ægi, Fagur er dalur og Tveggja bakka veður, en fyrirferðarmestur er ljóðaflokkurinn Kornið og sigðin, sem birtist á sínum tíma í Mörg eru dags augu.


Þess má geta, að í vor kom út ljóðabók eftir Matthías Johannessen á norsku í þýðingu Ivars Orglands og heitir hún Ask veit eg standa. Auk þess hafa ljóð hans komið út í danskri þýðingu Poul P. M. Pedersens og heitir sú ljóðabók Klagen i Jorden.

Norðlendingakvöld á Loftleiðum

NORÐLENDINGAKVÖLD verður að Hótel Loftleiðum í kvöld og hefst kl. 19. Það eru Flugleiðir og aðilar ferðamála á Akureyri sem gangast fyrir kvöldinu og verða kynntar vörur og þjónusta á Akureyri.

Norðlenskur matur verður á boðstólum og að kvöldverði loknum fer fram dagskrá, sem samanstendur af tízkusýningu. Sýndar verða vörur frá framleiðendum á Akureyri. Birgir Marinósson og Anna María Jóhannsdóttir syngja. Þá kemur fram leynigestur.

Halldór Blöndal alþingismaður flytur ávarp. Að lokum leikur Astró-tríóið fyrir dansi, söngkona verður Inga Eydal. Þá má geta þess, að Ingimar Eydal mun spila undir borðhaldi.




Peking-ópera í Þjóðleikhúsinu

Í NÆSTU viku kemur hingað til lands Peking-óperuflokkur frá borginni Wuhan í Kína og sýnir nokkrum sinnum í Þjóðleikhúsinu. Flokkurinn kemur hingað frá Norðurlöndunum og verður með tvær ólíkar dagskrár, sem innihalda úrval frægra atriða úr efnisskrá hinnar klassísku Peking-óperu. M.a. „Gistihúsið við vegamótin", „Api gerir usla á himnum", „Haustfljótið" og „Orrustan á Yentang-fjalli". Peking-óperuflokkar hafa áður komið hingað til lands og sýndu hér á árunum 1955 og 1959 við mjög góðar undirtektir.

Fyrsta sýning Peking-flokksins í Þjóðleikhúsinu verður kl. 20.00 á fimmtudagskvöld, en einnig verða kvöldsýningar föstudag og laugardag. Þá verður sýning kl. 15.00 á sunnudag og sennilega kvöldsýning þriðjudaginn þar á eftir. Miðasala á þessar sýningar hefst í dag kl. 13.15.

Nafngiftin „Peking-ópera" er frá vestrænum mönnum komin, en þeir kynntust þessu forna listformi Kínverja um síðustu aldamót. Kínverjar kalla það Ching Hsi og á það ekkert skylt við óperu okkar vesturlandabúa. Hér er um að ræða leiksýningu sem byggir á látbragði, fimleikum, litaskrúði, söng og töluðum texta. Í sýningum Peking-flokksins í Þjóðleikhúsinu er langmest áhersla lögð á hið sjónræna, en talaður texti í lágmarki.

Eldridansaklúbburinn Elding
Dansað í Félagsheimili Hreyfils í kvöld kl. 9—2.
(Gengið inn frá Grensásvegi).
Hljómsveit Jóns Sigurðssonar og söngkonan Kristbjörg Löve. Aðgöngumiðar í síma 85520 eftir kl. 8.



Hluti myndanna eftir frönsku meistarana á Kjarvalsstöðum.
(Ljósm. Mbl. Ól.K.M

Frönsk grafíksýning á Kjarvalsstöðum

Í DAG verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á grafíkmyndum eftir franska myndlistarmenn. Á sýningunni eru um 130 myndir eftir liðlega 50 listamenn og þeirra á meðal eru meistarar eins og Picasso, Miro, Matisse, Braque, Cagall, Dorny, Vasarely og ýmsir fleiri. Flestar myndirnar eru til sölu. Sýningin er opin frá 2—22 daglega og lýkur 1. nóvember.


Að sýningunni stendur fyrirtækið Myndkynning, en það reka þeir Konráð Axelsson og Hörður Arinbjarnar. Þetta er 5. sýningin sem Myndkynning heldur á Kjarvalsstöðum.

Sr. Óskar predikar í Dómkirkjunni á 50 ára vígsluafmæli

SR. ÓSKAR J. Þorlákssson, fyrrv. dómprófastur, á 50 ára vígsluafmæli á morgun, 18. október. Af því tilefni mun hann prédika við guðsþjónustu í Dómkirkjunni á morgun kl. 11.00.

Sr. Óskar vígðist 18. okt. 1931 til Kirkjubæjarklausturssprestakalls og var þar prestur til 1935, er hann gerðist prestur í Siglufirði. Þar var hann til 1951, er hann varð dómkirkjuprestur í Reykjavík og dómprófastur frá 1973, þar til hann lét af embætti 1976.

Við guðsþjónustuna á morgun þjónar sr. Hjalti Guðmundsson fyrir altari, Dómkórinn syngur og Marteinn H. Friðriksson, dómorganisti, leikur á orgelið.



Sr. Óskar J. Þorlákssson.



Fjöldi „októberdrengja" ekki marktækur á Akureyri

ÞESS misskilnings hefur gætt í fjölmiðlum, að „októberdrengina" sé einkum að finna á Akureyri. Fjöldi „októberdrengja" á Akureyri er ekki marktækur, — ef til vill vegna þess, að neyzla þar á hangikjöti, sem **aðalrétti** er nokkru dreifðari yfir árið en t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Pelsar, loðskinnshúfur og treflar í úrvali

PELSINN
KIRKJUHVOLI S: 20160
OPIÐ: 1-6 ALLA DAGA
LAUGARDAGA FRÁ KL. 10-12